



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Norðurlands
eystra

Borgum v/Norðurslóð
600 Akureyri

(354) 570 13 15
(354) 832 17 00

www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Sædis Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands
eystra
saedis@minjastofnun.is

Steinmar H. Rögnvaldsson
byggingatæknifræðingur
600 Akureyri

Akureyri 30. mars 2020
Tilvísun: 5316 /202003-0132/ 6.06

Grundargata 7, Akureyri - breytingar á friðuðu húsi.

Í tölvupósti dags. 26. mars síðastliðinn leitar Steinmar H. Rögnvaldsson eftir álit Minjastofnunar Íslands vegna breytinga á húsinu Grundargötu 7 á Akureyri. Með erindinu fylgja útlitsteikningar af breytingum á húsinu. Sótt er um leyfi til að byggja útitröppur vestan við húsið. Einnig er óskað eftir því að skipta húsinu í þrjár íbúðir.

Grundargata 7 er tvílyft steinhús á háum kjallara. Í húsakönnun fyrir Oddeyri segir um húsið: “það er í raun tvær álmur meðfram horninu, aðalhúsið við Grundargötu er með lágu mænispaki, en álman meðfram Gránufélagsgötu er með hallandi þaki. Í kverkinni milli húsanna er inngangur gerður 1979”.¹ Skv. Fasteignaskrá er húsið byggt árið 1920 og er því friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012. Eigendum friðaðra húsa er skylt að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa.

Stigahúsið sem sótt er um raskar ekki götuhliðum hússins, en bakhliðin, sú sem stigin kemur að, snýr þó að opnu svæði við Gránufélagsgötu. Hönnunin á stigahúsinu passar vel við heildarmynd hússins.

Minjastofnun Íslands heimilar hér með þær breytingar sem farið er fram á, enda taki frágangur útitrappa mið af upphaflegum stíl hússins.

Í bréfi hönnuður til skipulagsráðs segir að nú standi til að taka húsið í gegn með því að eigantra útveggi og skipta um þak og glugga.

Minjastofnun minnir á að þær breytingar þurfa einnig að koma inn til umsagnar stofnunarinnar.

Við framkvæmdir í eldri hverfum ber að huga sérstaklega að fornleifum í jörðu við allt jarðrask. Komi í ljós fornminjar undir yfirborði jarðar í tengslum við framkvæmdir skal stöðva verkið og skýra Minjastofnun frá

¹ Guðný Gerður Gunnarsdóttir & Hjörleifur Stefánsson: *Oddeyri. húsakönnun*, Minjasafnið á Akureyri 1995, bls. 96.

fundinum svo fljótt sem unnt er, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Virðingarfyllt,
f.h. Minjastofnunar Íslands

Sædís Gunnarsdóttir

Sædís Gunnarsdóttir
Minjavörður Norðurlands eystra

Afrit í tölvupósti:
Leifur Þorsteinsson byggingarfulltrúi
Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri skipulagssviðs